

14. september 2017

Fjármál hins opinbera 2016 – endurskoðun

General government finances 2016 – revision

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 309,5 milljarða króna árið 2016 eða sem nemur 12,6% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 18,2 milljarða króna árið 2015 eða 0,8% af landsframleiðslu. Tekjur hins opinbera námu 1.413,3 milljörðum króna og jukust um 51,8% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 57,7%. Þessi góða afkoma skýrist öðru fremur af 384,2 milljarða króna stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármálafyrirtækja. Útgjöld hins opinbera voru 1.103,8 milljarðar króna á árinu 2016 og jukust um 16,3% en hlutfall þeirra af landsframleiðslu var 45,1%. Meðtalið í útgjöldum hins opinbera er gjaldfærsla upp á 105,1 milljarð króna vegna fjármagnstilfærslu ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 209,8 milljarðar króna árið 2016 eða 8,6% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 172,2 milljarðar króna en hlutur einkaaðila 37,6 milljarðar eða 17,9%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 513 þúsundum króna og hækkuðu um 4,5% að raungildi frá fyrra ári. Frá árinu 2008 hafa þau dregist saman um 6,1% að raungildi.

Til fræðslumála var ráðstafað 177,9 milljörðum króna árið 2016 eða sem nemur 7,3% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 160,9 milljarðar króna og hlutur heimilanna um 17 milljarðar króna eða 9,5%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 479,7 þúsund krónum og drógust saman um 0,3% að raungildi frá fyrra ári.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var neikvæð um 847,1 milljarð króna í árslok 2016 eða 34,6% af vergri landsframleiðslu. Hrein peningaleg eign hins opinbera hefur því batnað um 230,5 milljarða króna frá því í árslok 2015. Peningalegar eignir námu 1.282,2 milljörðum króna og heildarskuldir 2.129,3 milljörðum króna í árslok 2016.

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis-, velferðar- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum.




Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þrönga skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2016

Figure 1. Relative size of general government's sub-sectors in terms of revenue and expenditure 2016



Skýringar Notes: Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016 í tekjum ríkissjóðs. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin í útgjöldum ríkissjóðs árið 2016. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016 central government's revenues. 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund is included central government's expenditures in 2016.

Árið 2016 runnu 80,7% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 19,1% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 20,2% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárframlög eða 197,5 milljarðar króna til almannatrygginga og 32,9 milljarðar króna til sveitarfélaga. Hluttur almannatrygginga í útgjöldum hins opinbera eru 16,9% eða 186,7 milljarðar króna, sveitarfélaga 27,1% eða 298,7 milljarðar króna, og ríkissjóðs 56,0% eða 618,4 milljarðar króna.

Afkoma hins opinbera

Tekjuafkoma hins opinbera nam 12,6% af landsframleiðslu 2016


Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 309,5 milljarða króna árið 2016 eða sem nemur 12,6% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman neikvæð um 18,2 milljarða króna árið 2015 eða 0,8% af landsframleiðslu. Aukning í heildartekjum hins opinbera nam 51,8% milli ára á meðan aukning í heildarútgjöldum nam 16,3% á sama tíma. Betri afkoma árið 2016 skýrist öðru fremur af 384,2 milljarða króna stöðugleikaframlagi sem rann í ríkissjóð. Á árinu 2016 var einnig gjaldfærð 105,1 milljarðs króna fjármagnstílfærsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Tekjuafkoma ríkissjóðs nam 12,3% af landsframleiðslu 2016

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Afkoma ríkissjóðs var jákvæð um 300,2 milljarða króna árið 2016 eða 12,3% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoma ríkissjóðs neikvæð um 5,9 milljarða króna árið 2015 eða 0,3% af landsframleiðslu. Stöðugleikaframlagið skýrir að mestu leyti þennan mikla viðsnúning.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 ma. kr. yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Fjármagnstílfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.

Tekjuafkoma sveitarfélaga var jákvæð um 3 milljarða króna

Tekjuafkoma sveitarfélaganna var jákvæð um 3,0 milljarða króna árið 2016 eða 0,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma sveitarfélaga árið 2015 neikvæð um 13,3 milljarða króna eða 0,6% af landsframleiðslu. Fara þarf aftur til ársins 2007 til að finna jákvæða tekjuafkomu sveitarfélaga.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2010–2016

Table 1. General government finances 2010–2016

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Tekjur hins opinbera ¹ <i>General gov. Revenue¹</i>	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.413,3
Útgjöld hins opinbera ² <i>Gen. gov. Expenditure²</i>	799,3	777,3	807,2	830,5	908,5	949,1	1.103,8
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-158,2	-95,0	-66,5	-34,8	-1,5	-18,2	309,5
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Tekjur hins opinbera ¹ <i>Gen. gov. Revenue¹</i>	39,4	39,9	41,4	41,9	44,9	41,7	57,7
Útgjöld hins opinbera ² <i>Gen. gov. Expenditure²</i>	49,1	45,5	45,2	43,7	45,0	42,5	45,1
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-9,7	-5,6	-3,7	-1,8	-0,1	-0,8	12,6
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	-9,0	-5,7	-3,3	-1,8	0,8	-0,3	12,3
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	-0,8	-0,3	-0,5	-0,4	-0,8	-0,6	0,1
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,1	0,4	0,0	0,3	-0,1	0,1	0,3

¹ Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

² Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 57,7% af landsframleiðslu

Tekjur hins opinbera námu 1.413,3 milljörðum króna árið 2016 og jukust um 482,4 milljarða króna milli ára eða 51,8%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 57,7% samanborið við 41,7% árið 2015. Á árinu 2016 voru tekjur af stöðugleikaframlagi ríkissjóðs 384,2 milljarðar króna.

Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2010–2016


Table 2. General government total revenue 2010–2016

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hið opinbera <i>General government</i>	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.413,3
Ríkissjóður ¹ <i>Central government¹</i>	474,7	497,1	545,5	584,5	686,1	692,4	1.149,0
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	194,4	214,2	224,4	243,6	254,9	273,6	303,4
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	143,0	160,6	157,8	166,8	168,6	178,8	200,3
Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>							
Hið opinbera <i>General government</i>	39,4	39,9	41,4	41,9	44,9	41,7	57,7
Ríkissjóður ¹ <i>Central government¹</i>	29,2	29,1	30,5	30,8	34,0	31,0	46,9
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,0	12,5	12,6	12,8	12,6	12,3	12,4
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	8,8	9,4	8,9	8,8	8,4	8,1	8,3

¹ Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP



Skatttekjur- og tryggingagjöld skila hinu opinbera 89,4% tekna

Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld, sem skiluðu 1.263,2 milljörðum króna árið 2016 eða 89,4% tekna þess. Skatttekjur hins opinbera jukust um 445,6 milljarða króna milli ára en þar munar mest um stöðugleikaframlagið. Í bráðabirgðauppgjöri Hagstofunnar sem birt var 15. mars s.l. voru framlögin flokkuð sem aðrar tekjur. Í endanlegu uppgjöri hefur sú flokkun verið endurskoðuð og eru tekjurnar nú færðar undir óreglubundna eignaskatta. Er þessi breyting gerð í samræmi við fyrirliggjandi forsendur framlaganna og alþjóðlega staðla um hagræna flokkun fjárhagsupplýsinga hins opinbera.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2010–2016

Table 3. General government main income types 2010–2016

Milljarðar króna / Billion ISK	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Heildartekjur / Total revenue	641,1	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.413,3
Skatttekjur ¹ / Taxes ¹	478,0	519,1	561,6	606,2	700,8	732,3	1.177,9
Tryggingagjöld / Social contributions	63,6	66,8	64,9	69,9	73,4	79,7	85,4
Fjárframlög / Grants	2,4	2,9	3,7	2,9	2,5	2,7	3,0
Aðrar tekjur / Other revenue	97,2	93,4	110,6	116,7	130,2	116,3	147,1
Hlutfall af VLF / Per cent of GDP							
Heildartekjur / Total revenue	39,4	39,9	41,4	41,9	44,9	41,7	57,7
Skatttekjur / Taxes	29,4	30,4	31,4	31,9	34,7	32,8	48,1
Tryggingagjöld / Social contributions	3,9	3,9	3,6	3,7	3,6	3,6	3,5
Fjárframlög / Grants	0,1	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1
Aðrar tekjur / Other revenue	6,0	5,5	6,2	6,1	6,4	5,2	6,0

¹ Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.

Aðrar tekjur hins opinbera, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, námu 147,1 milljarði króna árið 2016 og er það aukning um 26,5% frá fyrra ári. Skýrist það af auknum arðgreiðslum frá fyrirtækjum í eigu ríkisins. Arðgreiðslur voru 33,5 milljarðar króna árið 2016 samanborið við 15,1 milljarð króna árið 2015. Þessi aukning skýrist aðallega af auknum arði frá Landsbanka og Íslandsbanka en ríkið fer nú með 100% í þeim síðarnefnda. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhags-

reikningastöðlum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir rekstrarhagnaði ársins að frádrögnum virðisbreytingum, en endurmat og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag.

Tafla 4. Tekjuskattar hins opinbera 2010–2016

Table 4. The general government tax on income and profits 2010–2016


Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	239,7	266,8	283,2	315,6	360,5	381,0	431,9
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	197,3	220,6	234,5	258,6	270,6	298,0	339,8
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	14,6	29,5	34,0	40,5	66,8	52,5	62,2
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	27,7	16,8	14,8	16,5	23,1	30,5	29,9
Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	14,7	15,6	15,8	16,6	17,9	17,1	17,6
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	12,1	12,9	13,1	13,6	13,4	13,3	13,9
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	0,9	1,7	1,9	2,1	3,3	2,4	2,5
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i>	1,7	1,0	0,8	0,9	1,1	1,4	1,2

Tekjuskattar skiluðu hinu opinbera 431,9 milljörðum króna árið 2016 eða 17,6% af landsframleiðslu. Það er 13,4% aukning frá fyrra ári en tekjuskattur einstaklinga jókst um 14,0% og tekjuskattur lögaðila um 18,3%.

Skattar á vöru og þjónustu skiluðu 286,0 milljörðum króna eða 11,7% af landsframleiðslu. Er það aukning um 10,9% milli ára. Þar af var virðisaukaskattur 205,4 milljarðar króna eða 8,4% af landsframleiðslu. Bankaskatturinn skilaði ríkissjóði 8,7 milljörðum króna árið 2016 samanborið við 31,9 milljarða króna árið 2015.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP



Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera
jukust um 16,3%

Útgjöld hins opinbera námu 1.103,8 milljörðum króna árið 2016 eða 45,1% af landsframleiðslu ársins. Aukningin milli ára í útgjöldum hins opinbera nam 154,7 milljörðum króna eða 16,3%. Munar þar helst um 105,1 milljarð króna sem var gjaldfærður á árinu vegna fjármagnstílfærslu ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Heildarframlagið var 117,2 milljarðar króna en 12,1 milljarður króna var færður yfir efnahagsreikning, en sá hluti var vegna breytinga á lífslíkum.

Heildarútgjöld ríkissjóðs jukust um 21,5% milli ára, útgjöld sveitarfélaga um 4,7% og útgjöld almannatrygginga um 9,1%.

Tafla 5. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2010–2016

Table 5. The general government expenditure 2010–2016


Í milljörðum króna In billion ISK	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Hið opinbera General government	799,3	777,3	807,2	830,5	908,5	949,1	1.103,8
Ríkissjóður ¹ Central government ¹	621,5	593,7	603,9	618,0	669,8	698,3	848,8
Sveitarfélög Local governments	207,8	219,3	233,0	250,9	271,3	287,0	300,3
Almannatryggingar Social security funds	141,1	154,0	157,3	160,8	170,0	177,7	194,0
Hlutfall af VLF Per cent of GDP							
Hið opinbera General government	49,1	45,5	45,2	43,7	45,0	42,5	45,1
Ríkissjóður ¹ Central government ¹	38,2	34,8	33,8	32,5	33,2	31,3	34,7
Sveitarfélög Local governments	12,8	12,8	13,0	13,2	13,4	12,9	12,3
Almannatryggingar Social security funds	8,7	9,0	8,8	8,5	8,4	8,0	7,9

¹ Fjármagnstílfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.

Samneysluútgjöld eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum hins opinbera, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu og að viðbættum afskriftum, námu 557,2 milljörðum króna árið 2016 eða 22,8% af landsframleiðslu. Er það aukning um 6,7% milli ára, en þar af jókst launakostnaður um 8,0% og kaup á vöru á þjónustu um 4,8%.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Fjárfesting jókst um 5,0% og voru útgjöld vegna Vaðlaheiðarganga talin með en þau námu um 2,4 milljörðum króna.

Vaxtagjöld hins opinbera drógust saman um 5,9%

Vaxtagjöld hins opinbera námu 95,8 milljörðum króna á árinu 2016 eða 3,9% af landsframleiðslu ársins. Vaxtagjöld hins opinbera hafa dregist saman um 5,9% frá 2015, en þá námu þau 101,7 milljörðum króna.

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, félagslegar tilfærslur til heimila og önnur tilfærsluútgjöld, námu 14,4% af landsframleiðslu árið 2016, samanborið við 10,3% árið 2015. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins veldur því að önnur tilfærsluútgjöld aukast til muna en þau fara úr 2,6% af landsframleiðslu árið 2015 í 6,9% árið 2016.

Tafla 6. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2010–2016

Table 6. The general government expenditure by economic type 2010–2016

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	49,1	45,5	45,2	43,7	45,0	42,5	45,1
Laun <i>Wages and salaries</i>	13,5	13,4	13,5	13,5	13,7	13,7	13,5
Kaup á vöru og þjón. <i>Use of goods & services</i>	12,0	12,1	12,0	11,7	11,4	10,8	10,3
Vaxtagjöld <i>Interest</i>	4,7	4,1	4,7	4,6	4,7	4,6	3,9
Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>	1,7	1,7	1,7	1,6	1,5	1,3	1,4
Félagslegar tilf. til heimila <i>Social benefits</i>	7,4	8,1	7,5	7,0	6,9	6,3	6,0
Önnur tilfærsluútgjöld ¹ <i>Other expenditure¹</i>	6,0	3,1	2,8	2,2	3,6	2,6	6,9
Fjárfesting <i>Acquisition of nonfinancial assets</i>	3,4	2,7	2,7	2,9	3,1	2,9	2,7

¹ Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

Tafla 7. Meginmálaflokkar hins opinbera 2010–2016

Table 7. The general government main functions 2010–2016

Innbyrðis hlutdeild <i>Percentage breakdown</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Heildarútgjöld <i>Total expenditure</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Almenn opinber þjónusta ¹ <i>Gen. public services¹</i>	17,5	17,6	19,3	18,8	18,0	17,9	24,7
Varnarmál <i>Defence</i>	0,1	0,1	0,0	0,1	0,0	0,0	0,1
Réttar- og öryggismál <i>Public order and safety</i>	2,6	3,6	3,1	3,2	3,3	3,6	2,9
Efnahags- og atvinnumál <i>Economic affairs</i>	13,7	12,5	10,6	10,9	13,9	11,6	10,7
Umhverfismál <i>Environmental protection</i>	1,3	1,3	1,3	1,2	1,4	1,4	1,3
Húsn.- og skipulagsmál <i>Housing & community</i>	4,8	0,7	2,4	1,3	0,8	1,1	1,0
Heilbrigðismál <i>Health affairs</i>	15,2	16,0	16,2	16,8	16,6	17,4	16,6
Menning og íþróttamál <i>Recreation and culture</i>	7,1	6,8	6,8	7,4	6,7	7,5	6,7
Fræðslumál <i>Education</i>	16,2	17,0	16,8	17,1	16,8	17,4	15,8
Alm.trygg. og velferðarmál <i>Social protection</i>	21,6	24,4	23,4	23,2	22,4	22,1	20,1

¹ Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*


Almenn opinber þjónusta er stærsti málaflokkur ársins 2016

Almannatryggingar og velferðarmál eru almennt fjárfrekasti málaflokkur hins opinbera en árið 2016 fór hlutur málaflokksins almenn opinber þjónusta úr 17,9% í 24,7% af heildarútgjöldum. Sú aukning skýrist af fjármagnstilfærslu ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins upp á 105,1 milljarð króna. Almannatryggingar og velferðarmál fylgdu á eftir með 20,1% af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2016. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu 16,6% útgjalda og 15,8% til menntamála. Fjallað er um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðar-

mála í sérstökum köflum hér á eftir, en til þessara málaflokka runnu 52,5% útgjalda hins opinbera eða 24,4% af landsframleiðslu.

Mynd 6. Nokkrir málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF

Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7% af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2017 námu 172,2 milljörðum króna¹ eða 7% af landsframleiðslu. Þau jukust um 16,9 milljarða milli ára eða um 10,9%.

Árið 2016 var 117,5 milljörðum króna ráðstafað til sjúkrahúspjónustu. Þessi liður vegur þýngst með 68,2% af heildarútgjöldum hins opinbera til heilbrigðisþjónustu árið 2016. Þjónusta við ferlisjúklinga kemur þar á eftir með 21,9% af heilbrigðisútgjöldum hins opinbera, en þar vegur þýngst almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2010–2016

Table 8. The general government expenditure on health 2010–2016

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Heilbrigðisútgjöld alls¹ Expenditure on health¹	7,1	6,9	6,9	7,0	7,1	7,0	7,0
1. Lækn.vörur og hjálpartæki Medical products	0,8	0,7	0,7	0,6	0,6	0,6	0,5
2. Þjónusta við ferlisjúklinga Outpatient services	1,4	1,3	1,3	1,4	1,5	1,5	1,5
3. Sjúkrahúsaþjónusta Hospital services	4,7	4,7	4,7	4,8	4,8	4,8	4,8
4. Forvarnir og alm. heilbr.þj. Public health serv.	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. Health n.e.c.	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1

¹ Kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera dregin frá. The households purchase of public health is excluded.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2016Table 9. *The expenditure on health 1998–2016*

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall einkaaðila af heild af heild <i>PS % of totals</i>	Heilbr.útgj. staðvirt ¹ <i>Health exp. in fixed prices¹</i>	Heilbr.útgj. staðvirt á mann ¹ <i>Health exp. per capita¹</i>
	Hið opinb.	Einkaaðila	Samtals			
	<i>General govern.</i>	<i>Private sector</i>				
1998	7,05	1,70	8,75	19,4	100,0	100,0
1999	7,78	1,66	9,45	17,6	109,9	108,5
2000	7,54	1,73	9,27	18,7	110,7	107,8
2001	7,40	1,71	9,11	18,8	114,1	109,6
2002	8,03	1,77	9,81	18,1	120,5	114,7
2003	8,22	1,84	10,06	18,3	122,1	115,6
2004	7,78	1,79	9,57	18,7	123,6	115,6
2005	7,53	1,72	9,24	18,6	124,5	115,2
2006	7,35	1,61	8,96	18,0	127,4	114,7
2007	7,22	1,53	8,74	17,5	133,9	117,8
2008	7,22	1,52	8,74	17,4	138,2	118,5
2009	7,43	1,64	9,06	18,0	133,6	114,6
2010	7,08	1,74	8,81	19,7	125,3	107,9
2011	6,94	1,69	8,63	19,6	123,2	105,7
2012	6,95	1,69	8,64	19,6	122,6	104,6
2013	6,99	1,68	8,66	19,3	125,6	106,2
2014	7,07	1,66	8,73	19,0	129,3	108,2
2015	6,96	1,60	8,56	18,7	132,4	109,5
2016	7,03	1,54	8,57	17,9	139,5	113,9

¹ Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslnnar og undirvísitölu fyrir heilsu úr vísitölu neysluverðs. Magnvísitala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption and subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.*

Að raungildi á mann jukust útgjöld hins opinbera til sjúkrahúsastofnana um 4,5% árið 2016 og um 9,1% vegna þjónustu við ferlisjúklinga. Á sama tíma drógust útgjöld á mann til lyfja- og hjálpartækjakaupa saman um 2,4% að raungildi. Borið saman við árið 2008, þegar útgjöld til heilbrigðismála mældust hæst, hafa heildarútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála að teknu tilliti til mannfjöldaþróunar dregist saman um 6,1% að raungildi.

Heilbrigðismál námu 8,6% af landsframleiðslu árið 2016

Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu 8,6% af landsframleiðslu á árinu 2016. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða 10,1%. Árið 2016 voru 17,9% útgjaldanna fjármögnuð af einkaaðilum (heimilum og samtökum), en það er nokkru lægra hlutfall en undanfarin ár. Heilbrigðisútgjöld á föstu verði hafa aukist um 0,9% frá árinu 2008, en útgjöld á mann hafa dregist saman um 3,9% á sama tíma.

Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 160,9 milljörðum króna

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 160,9 milljörðum króna eða 6,6% af landsframleiðslu á árinu 2016. Af útgjöldunum rann 46,5% til grunnskólastigsins eða 74,9 milljarðar króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera 32,8 milljarðar króna eða 1,3% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkuð lægri fjárhæð eða um 28 milljarða króna sem er 5,9% hærri fjárhæð en árið áður. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 15,8 milljörðum króna 2016 og jukust þau um 6,4% milli ára á verðlagi hvors árs. Alls námu útgjöld hins opinbera 479,7 þúsund krónum á mann og drógust saman um 0,3% að raungildi frá

fyrri ári. Frá árinu 2008, þegar útgjöldin mældust mest, hafa útgjöld hins opinbera að teknu tilliti til mannfjölda dregist saman um 13,5% að raungildi.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2010–2016

Table 10. The general government expenditure on education 2010–2016

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Fræðsluútgjöld alls¹ <i>Expenditure on education¹</i>	7,3	7,1	6,9	6,9	7,0	6,8	6,6
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,7	0,7	0,7	0,6	0,7	0,7	0,6
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,4	3,4	3,3	3,2	3,4	3,2	3,1
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,2	1,2	1,2	1,2	1,1	1,2	1,1
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,6	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,3
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,3	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,3
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,1	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1

¹ Kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education in excluded.*

Til fræðslumála er ráðstafað um 7,3% af landsframleiðslu

Heildarútgjöld til fræðslumála námu 177,9 milljörðum króna árið 2016 eða sem samsvarar 7,3% af landsframleiðslu. Um 9,5% útgjaldanna eru fjármögnuð af heimilunum. Útgjöld til fræðslumála voru 530 þúsund krónur á mann árið 2016. Að raungildi voru útgjöld til fræðslumála á mann hæst árið 2008, en síðan dró úr þeim allt til ársins 2012 en frá þeim tíma hafa þau aftur farið vaxandi. Árið 2016 voru fræðsluútgjöld á mann þó enn 12% lægri að raungildi en þau voru árið 2008.

Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2016

Table 11. The expenditure on education 1998–2016

	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall heimila af heild <i>HH % of totals</i>	Fræðsluútgj. staðvirt ¹ <i>Edu. exp. in fixed prices¹</i>	Fræðsluútgj. staðvirt á mann ¹ <i>Edu. exp. per capita¹</i>
	Hið opinb. <i>General govern.</i>	Heimili <i>Households</i>	Samtals <i>Total</i>			
1998	6,41	0,66	7,07	9,3	100,0	100,0
1999	6,58	0,67	7,25	9,2	103,7	102,4
2000	6,64	0,67	7,30	9,1	106,9	104,1
2001	6,89	0,69	7,58	9,0	115,7	111,1
2002	7,51	0,76	8,27	9,2	123,8	117,9
2003	7,47	0,85	8,31	10,2	123,0	116,4
2004	7,35	0,80	8,15	9,8	128,6	120,4
2005	7,55	0,80	8,35	9,6	137,1	126,9
2006	7,51	0,77	8,28	9,3	142,5	128,2
2007	7,19	0,73	7,92	9,2	146,3	128,6
2008	7,32	0,67	8,00	8,4	152,7	130,9
2009	7,43	0,68	8,12	8,4	145,9	125,1
2010	7,29	0,69	7,99	8,7	139,2	119,8
2011	7,11	0,70	7,81	9,0	135,9	116,6
2012	6,93	0,72	7,65	9,4	131,4	112,2
2013	6,86	0,74	7,59	9,7	132,7	112,3
2014	6,96	0,74	7,70	9,6	137,6	115,0
2015	6,82	0,71	7,53	9,5	139,5	115,4
2016	6,57	0,69	7,26	9,5	141,1	115,2

¹ Fræðsluútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar. Fræðsluútgjöld einkaaðila staðvirt með verðvísitölu einkaneyslu fræðsluútgjalda. Magnvísitala, 1998=100. *Public expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Private expenditure deflated by a subindex from the private final consumption. Volume index, 1998=100.*

Almannatryggingar og velferðarmál

Til málaflokksins almannatryggingar og velferðarmál teljast ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, fæðinga og atvinnuleysis, og ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn, fatlaða og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga.

Til almannatrygginga og velferðarmála runnu 9,1% af landsframleiðslu ársins

Á árinu 2016 runnu 222,1 milljarður króna til málaflokksins, eða 9,1% af landsframleiðslu og er það heldur lægra hlutfall en undanfarin ár. Þar vegur þyngst að útgjöld vegna atvinnuleysis hafa dregist saman um 12,8% frá 2015 og útgjöld vegna húsnæðisaðstoðar hafa dregist saman um 7,7%.

Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar, öldrunar og fjölskyldna og barna eru umfangsmestu útgjaldaliðir almannatrygginga og velferðarmála. Námu útgjöld árið 2016 vegna örorku og fötlunar 2,7% af landsframleiðslu, öldrunar 2,5% af landsframleiðslu og 2,0% af landsframleiðslu til fjölskyldna og barna.

Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2010–2016

Table 12. The general government expenditure on social protection 2010–2016

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i>	10,62	11,08	10,55	10,12	10,09	9,40	9,07
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,05	0,05	0,05	0,06	0,06	0,07	0,05
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	2,59	2,80	2,79	2,85	2,93	2,78	2,74
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,00	2,45	2,47	2,43	2,56	2,48	2,52
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,02	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01	0,01
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,60	2,30	2,23	2,34	2,31	2,12	2,04
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	1,58	1,46	1,29	0,94	0,73	0,55	0,44
7. Húsnæðisaðstoð <i>Housing</i>	1,00	1,35	1,07	0,71	0,69	0,57	0,48
8. Félagsleg aðstoð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,41	0,42	0,41	0,42	0,43	0,40	0,44
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,38	0,24	0,22	0,36	0,37	0,41	0,35

Útgjöldin námu 662 þúsund krónum á mann

Árið 2016 voru útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 662 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar voru 200 þúsund krónur á mann og vegna öldrunar 184 þúsund krónur. Er þetta hækkun í báðum flokkum milli ára, um 2% annars vegar og 5% hinsvegar. Útgjöld á mann vegna fjölskyldna og barna á verðlagi 2016 breyttust lítið milli ára. Þau voru 149 þúsund krónur á mann árið 2016 á verðlagi þess árs, sem er 0,6% lækkun að raungildi í samanburði við árið 2015.

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir jukust um
12,7% milli ára

Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.282,2 milljörðum króna í árslok 2016 eða sem nemur 52,4% af landsframleiðslu. Er það aukning um 12,7% frá því árið 2015. Lánveitingar námu 188,9 milljörðum króna í árslok 2016 og sjóðir og bankainnistæður námu 301,7 milljörðum króna.

Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2010–2016

Table 13. The general government financial assets and liabilities 2010–2016

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	72,5	74,9	69,7	62,9	63,8	51,0	52,4
Skuldir <i>Liabilities</i>	118,1	126,2	123,0	114,1	113,5	99,3	87,0
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	44,4	46,2	47,0	44,4	43,5	40,0	34,6
Lántökur <i>Loans</i>	43,4	48,5	45,1	40,0	38,4	27,7	18,2
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	20,0	20,5	19,6	18,8	17,7	13,8	9,8
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	23,4	28,0	25,5	21,2	20,7	13,9	8,4
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	23,5	24,4	24,5	24,1	24,3	26,0	28,3
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	6,8	7,1	6,4	5,7	7,3	5,6	5,8
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-45,6	-51,2	-53,3	-51,2	-49,7	-48,3	-34,6


Heildarskuldir hins opinbera
drógust saman 3,9%

Heildarskuldir hins opinbera námu 2.129,3 milljörðum króna í árslok 2016 eða 87,0% af landsframleiðslu. Hafa heildarskuldir hins opinbera dregist saman um 3,9% frá árinu 2015. Erlendar lántökur námu 206,4 milljörðum króna í árslok 2016 eða 8,4% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 239,4 milljörðum króna í árslok, eða 9,8% af landsframleiðslu.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var því neikvæð um 847,1 milljarð króna í árslok 2016 sem samsvarar 34,6% af landsframleiðslu ársins. Hefur hrein peningaleg eign hins opinbera batnað um 230,5 milljarða króna eða 21,4% frá því árslok 2015.

Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP



Hið opinbera og opinber fyrirtæki

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til opinbera geirans, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins. Þeir stærstu eru Landsbankinn, Íslandsbanki, Seðlabankinn, Landsvirkjun og Íbúðalánasjóður.

Tafla 14. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2010–2016

Table 14. Public sector accounts 2010–2016

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Rekstrartekjur ¹ <i>Total revenue¹</i>	54,7	56,9	58,3	57,8	58,7	55,3	71,5
Rekstrargjöld ² <i>Total expenditure²</i>	63,0	59,8	60,7	57,2	55,5	52,8	55,0
Rekstrarjöfn. <i>Net operation balance</i>	-8,2	-3,0	-2,5	0,7	3,2	2,5	16,4
Fjárfesting <i>Acq. nonfin. assets</i>	2,9	1,2	1,4	1,8	2,1	2,2	2,8
Tekjuafkoma <i>Net lending/borrowing</i>	-11,1	-4,1	-3,8	-1,1	1,1	0,2	13,6
Hrein peningaleg eign <i>Net fin. assets</i>	-77,4	-81,8	-78,0	-72,0	-69,7	-66,4	-38,0

¹ Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *The central government's revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

² Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*


Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var jákvæð um 13,6% af landsframleiðslu

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif opinbera geirans í víðari skilgreiningu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Rekstrartekjur námu 71,5% af landsframleiðslu 2016 og rekstrargjöld 55,3%. Tekjuafkoma¹ opinbera geirans var jákvæð um 333,5 milljarða árið 2016, þar af var tekjuafkoma hins opinbera samkvæmt þrengri skilgreiningu 309,5 milljarðar króna og tekjuafkoma opinberra fyrirtækja 23,9 milljarðar króna.

¹ Tekjuafkoma sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir vísbendingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.ö.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF

Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 ma. kr yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.

Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Töflur í ýtarlegri sundurliðun auk samsvarandi upplýsinga um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar, undir fjármálum hins opinbera:

→ www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/fjarmal-hins-opinbera/

English summary

In 2016, the financial balance of the general government was 309.5 billion ISK in surplus or 12.6% of GDP, compared with a deficit of 0.8% of GDP in 2015. Revenue due to stability contribution, 384.2 billion ISK, is included in 2016. Expenditure due to contribution to the Government Employees Pension Fund, 105.1 billion ISK, is included in 2016 as capital transfer. The general government total revenue amounted to 57.7% of GDP in 2016 while its total expenditure amounted to 45.1% of GDP.

In 2016, the total expenditure on health was 8.6% of GDP, of which 82.1% was financed by the general government and 17.9% by the private sector. The public health expenditure per capita was 513 thousand ISK in 2016, which is an increase by 4,5% in real terms since 2015. The public health expenditure per capita has decreased by 6.1% in real terms since 2008. The total expenditure on education was 7.3% of GDP in 2016, of which 90.5% was financed by the general government and 9,5% by the private sector. The public expenditure per capita was 479,7 thousand ISK in 2016, which is an increase by 0,3% in real terms since 2015.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 847.1 billion ISK in 2016 or 34.6% of GDP. The net financial assets have decreased by 230.5 billion ISK since 2015. The general government total financial assets amounted to 1,282.2 billion ISK at the end of 2016 and the total liabilities amounted to 2,129.3 billion ISK.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of Statistics Iceland in English at:

→ www.statice.is/statistics/economy/public-finance/

Tafla 15. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2011–2016

Table 15. The general government statement of operations 2011–2016

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	Current prices, in million ISK	2011	2012	2013	2014	2015	2016
1 Heildartekjur <i>Total revenue</i>		682.304	740.768	795.732	906.988	930.966	1.413.330
11 Skatttekjur ¹ <i>Tax revenue¹</i>		519.116	561.567	606.243	700.831	732.295	1.177.869
12 Tryggingagjöld <i>Social contributions</i>		66.820	64.882	69.899	73.432	79.707	85.370
13 Fjárframlög <i>Grants</i>		2.944	3.733	2.881	2.534	2.689	3.003
14 Aðrar tekjur <i>Other revenues</i>		93.424	110.586	116.710	130.191	116.275	147.088
Heildargjöld (2+31) <i>Total expenditure (2+31)</i>		777.342	807.229	830.530	908.485	949.126	1.103.815
2 Rekstrarútgjöld <i>Expenses</i>		765.977	796.519	813.896	886.374	925.588	1.078.747
21 Laun <i>Compensation of employees</i>		229.037	242.024	256.169	275.652	307.150	331.666
22 Kaup á vöru og þjónustu <i>Use of goods and services</i>		206.099	213.887	222.234	230.421	241.607	251.949
23 Afskriftir <i>Consumption of fixed capital</i>		35.076	36.976	38.274	39.617	40.471	42.143
24 Vaxtagjöld <i>Interest</i>		70.481	84.066	86.505	94.411	101.704	95.750
25 Framleiðslustyrkir <i>Subsidies</i>		29.154	30.485	31.070	29.477	29.885	34.556
26 Fjárframlög <i>Grants</i>		4.514	3.838	4.342	5.159	5.144	4.942
27 Félagslegar tilfærslur til heimila <i>Social benefits</i>		138.352	134.950	133.645	139.441	141.699	147.601
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárframlög ² <i>Other expense²</i>		53.263	50.293	41.658	72.195	57.928	170.140
31 Fastafjárútgjöld <i>Nonfinancial assets</i>		11.366	10.710	16.634	22.110	23.537	25.068
311 Fjárfesting í efnislegum eignum <i>Net acquisition of fixed assets</i>		46.441	47.686	54.908	61.728	64.009	67.211
23 Afskriftir <i>of fixed capital</i>		-35.076	-36.976	-38.274	-39.617	-40.471	-42.143
Tekjuafgangur / halli (1-2-31) <i>Net lending and net borrowing (1-2-31)</i>		-95.038	-66.461	-34.798	-1.496	-18.160	309.515
32 Peningalegar eignir, hreyfingar <i>Financial assets, transactions</i>		61.014	-80.280	-40.589	50.424	-178.654	163.044
33 Skuldir, hreyfingar <i>Liabilities, transactions</i>		156.052	-13.820	-5.791	51.921	-160.494	-146.471

¹ Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.* ² Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

